

UM HELGINA

Ragna í Nýlistasafninu

Dagana 12. til 21. apríl sýnir Ragna St. Ingadóttir, í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Hún lauk námi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1979 og hélt síðan til Danmerkur þar sem hún stundaði nám í grafík í tvö ár.

Þaðan lá leiðin til Ítalíu og var hún þar við málaránám í þrjú ár. Þetta er fyrsta einkasýning Rögnu en hún hefur tekið þátt í samsýningum hér heima og erlendis. Verkin á sýningunni eru unnin á þessu og síðasta ári.

Breskur unglíngakór í heimsókn

Hér á landi er nú staddur breskur unglíngakór á vegum kóranna í Kársnesskóla í Kópavogi og stjórnanda þeirra, Þórunnar Björnsdóttur. Þessi kór heitir The Kingsmead Singers og eru kórfélagar á aldrinum 13-18 ára. Stjórnandi er June Keyte.

Þessi kór hefur gert yfir 400 söngdagskrár fyrir BBC, gefið út 9 hljómplötur og sungið víðsvegar um Bretland og önnur lönd. Kórinn gerir mikið af því að

panta ný verk frá tónskáldum og fáum við að heyra nokkur þeirra hér. Á efnisskránni eru eingöngu verk eftir bresk tónskáld, þ.á m. Peter Maxwell Davies, Edward Elgar og þjóðlagatúsetningar eftir ýmsa höfundum.

Auk tónleika sem ætlaðir eru skólanemendum í Kópavogi verða tónleikar í Hveragerðiskirkju á morgun, laugardag, kl. 14, í Skálholtskirkju á sunnudaginn kl. 15 og í Frkirkjunni í Reykjavík á þriðjudagskvöldið kl. 20.30. —PH

Skólasýning á skurðlist

Nú um helgina, þ.e. laugardag og sunnudag, heldur Skurðlistarskóli Hannesar Flosasonar vinnusýningu í Listamiðstöðinni við Lækjartorg. Verða þar sýnd verk frá síðasta vetri og fólk verður við

tréskurð meðan sýningin stendur yfir. Einnig verður innritað í fáein laus pláss á sumarnámskeið skólans en þau hefjast í maímánuði. Sýningin er opin báðum dagana kl. 14-16. —PH

Norræna húsið

Tvær sýningar

Á morgun, laugardag, kl. 14.30 opnar Björg Þorsteinsdóttir áttundu einkasýningu sína og er hún í kjallara Norræna hússins. Þar sýnir Björg nýja hlið á listsköpun sinni. Fram til þessa hefur hún aðallega fengist við grafík en nú sýnir hún eingöngu svonefndar „collage“-myndir.

Hluti myndanna sem Björg sýnir voru á einkasýningu hennar sem haldin var í París nýverið. Þær eru allar unnar á þessu og síðasta ári. Björg nam myndlist við báða myndlistarskólana hér í borg og fór síðan til framhaldsnáms í Þýskalandi og Frakklandi. Frá árinu 1969 hefur hún, auk


einkasýninganna, tekið þátt í yfir 200 samsýningum hér heima og erlendis, þám. fjölda alþjóðlegra sýninga.

Sýning Bjargar Þorsteinsdóttur verður opin daglega frá kl. 14-22 fram til 28. apríl.

Daginn eftir, sunnudag, opnar Torfi Jónsson sýningu á vatnslitamyndum í anddyri hússins. Torfi hefur haldið eina einkasýningu áður og einnig tekið þátt í samsýningum í Hamborg, Osló og London. Í tilefni af opnuninni flytja Ingveldur Hjaltested söngkona og Jónína Gísladóttir píánóleikari norræn lög. Sýningin verður opnuð kl. 14 en tónleikarnir hefjast kl. 15. Sýning Torfa verður opin á sama tíma og Norræna húsið. —PH



Björg Þorsteinsdóttir opnar í Norræna á morgun.



Kjarvalsstaðir

Afrakstur frá Korpúlfsstöðum

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík með stórsýningu

Á morgun, laugardag, opnar Myndhöggvarafélagið í Reykjavík mikla sýningu á verkum félagsmanna sinna að Kjarvalsstöðum. Verða verkin sett upp bæði í Vestursal og á lóðinni umhverfis húsið.

Þarna verða til sýnis 47 skulptúrar eftir 20 listamenn og eru þeir unnir í margvísleg efni, svo sem steinleir, gips, málm, tré, salt, striga, grágrýti, polyester, steinsteypu og á myndband. Þarna verða þrívíð málverk, umhverfisverk með 70 metra háan boga, lagðprúð ær, persónur hasarbláða, forn-grísk minni, Art Therapy og ýmsar formtilraunir.

Að sögn Ragnars Kjartanssonar, nestors íslenskra myndhöggvara, er þessi sýning afrakstur þess starfs sem unnið hefur verið að Korpúlfsstöðum en þar hafa myndhöggvarar haft vinnuadstöðu í rúman áratug. „Við ætlum að sýna stöðuna eins og hún er í dag og kveða endanlega niður

þann orðróm að íslensk höggmyndalist sé að líða undir lok. Það er mesta firra enda eru margir að læra þessa grein og nú blasir við okkur heilmikið verkefni sem er að skreyta Hallgrímskirkju. Þar hlýtur að vanta heilmiklar

skreytingar ef hún á að verða fallegri að innan heldur en að utan”, sagði Ragnar og kímði.

Sýning myndhöggvaranna verður opin daglega frá kl. 14-22 fram til 5. maí. —PH

Norræna húsið

Sígild tónlist á harmónikku

Sígild tónlist leikin á harmónikku er ekki daglegur kostur reykvískra tónlistarunnenda. Á sunnudaginn verður bætt úr þessum skorti því þá leikur ungur norskur harmónikkusnillingur, Jostein Stalheim, gömul orgel- og sembalverk auk nýrri verka sem sum eru skrifuð fyrir hann á tónleikum í Norræna húsinu kl. 20.30.

Tónleikar þessir eru hluti af

framlagi Norræna hússins til Árs æskunnar og Árs tónlistarinnar. Fyrirhugað er að kynna unga norræna einleikara á nokkrum tónleikum næstu vikurnar. Verða þeir valdir úr röðum þátttakenda í tónlistarkeppni tónlistarháskóla á Norðurlöndum en sú keppni er haldin annað hvert ár, nú síðast í Osló í fyrra. Þar mega þátttakendur ekki vera eldri en þrítugir og einungis úrvals tónlistarmenn komast að. —PH